



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Blásalir

Starfsáætlun 2026 – 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	4
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	6
4.	Starfsþróunarsamtöl.....	7
5.	Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans	8
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	8
7.	Foreldrasamstarf	9
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	9
9.	Fylgiskjöl:	10
9.1	Innra mat Guludeildar/deilda 2025-2026.....	10
9.2	Innra mat Bláudeildar/deilda 2025-2026.....	11
9.3	Innra mat Grænadeildar/deilda 2025-2026	12
9.4	Innra mat Rauðadeildar/deilda 2025-2026	13
9.5	Umbótaáætlun Guludeild 2026-2027	14
9.6	Umbótaáætlun Bláadeild 2026-2027	18
9.7	Umbótaáætlun Grænudeild 2026-2027.....	21
9.8	Umbótaáætlun Rauðadeild 2026-2027	25
9.9	Umsögn foreldraráðs.....	28
10.	Fylgiskjöl	31
10.1	Leikskóladagatal Blásala 2026-2027	31





1. Greinargerð leikskólastjóra

Haustið hófst vel í Blásölum og aðlögun nýrra barna gekk yfirleitt mjög vel á öllum deildum. Nýtt skólaár lofar góðu og við hlökkum til að halda áfram að þróa og styrkja starfið með börnunum í forgrunni. Starfið í Blásölum er fjölbreytt og lifandi, þar sem hver dagur býður bæði börnum og starfsfólki upp á ný og ánægjuleg ævintýri og verkefni. Leikskóladagurinn er einstakur og skapar tækifæri til vaxtar, lærdóms og gleði.

Faglegt starf okkar er sífellt að þróast. Við leggjum áherslu á að dýpka skilning, endurskoða starfshætti og aðlaga okkur að síbreytilegu og metnaðarfullu leikskólastarfi. Kjarninn í öllu starfi er þó sjálfsprottinn leikur, sem fær ríkan tíma og rými á hverjum degi. Eins og kemur fram í Aðalnámskrá leikskóla er „leikur meginnámsleið barna; hann skapar tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.“ Við leggjum áherslu á fjölbreyttan og aðgengilegan leikefnivið sem kveikir sköpunargleði, hvetur til samskipta og eflir nám í gegnum leik og athafnir dagsins.

Framkvæmdir í Blásölum hófust innanhúss í nóvember 2025 til þess að bæta starfsmannaaðstöðu í leikskólanum sem að við fögnum. Búið er að setja upp tvo vegg, annarsvegar fyrir framan kaffistofu starfsmanna og hins vegar fyrir framan sérkennslurými til að afmarka betur starfsmannaaðstöðu frá fataklefa. Einnig á að setja upp eldhúsinnréttingu í kaffistofunni með vaski og uppþvottavél. Búið er að bæta við starfsmannasalerni við hliðina á kaffistofu starfsmanna þar sem ræstikompan var áður og fluttist hún yfir í hitakompuna inn af forstofu. Einnig voru settir nýir starfsmannaskápar og fatahengi fyrir yfirhafnir starfsmanna. Að lokum er búið að setja upp stóran skáp þar sem að þurrkskáparnir voru áður.

Starfsdaginn 6. febrúar á degi leikskólans fóru allir starfsmenn leikskólans á ráðstefnuna „leikur og samskipti“ Hjartað í námi barna í Háskólabíó fyrir starfsfólk leikskóla Reykjavíkur. Starfsfólki þótti hún bæði fræðandi og skemmtileg.

Foreldrum var boðið á opið hús í leikskólanum í sumar þar sem að við buðum þeim að skoða ferilmöppur og verk barnanna, einnig var boðið upp á kaffi og kleinur og sýningu frá Sirkus Íslands.

Sérkennsla er enn töluverð í húsi og unnum við markvisst að því að koma til móts við ólíkar þarfir barna. Sérkennsla fer bæði fram í litlum hópum og einstaklingslega, með það að markmiði að efla börn í sínum styrkleikum og styðja við þróun þeirra á sem bestan hátt.

Við leggjum ríka áherslu á útikennslu í Blásölum og nýtum okkar nánasta umhverfi til þess og þar kemur Gullkistan sterk inn sem grenndarsvæði leikskólans. Útikennslan hentar öllum því námið er að forsendum barnanna með stuðning kennara. Þar virkjast sköpunarkraftur barnanna, sjálfstæði eflist og lýðræði eykst. Verkefnin eru fjölbreytt og afraksturinn sömuleiðis af fjölbreyttum toga.

Leikskólinn Blásalir er lifandi samfélag þar sem virðing, umhyggja og fagmennska eru leiðarljós í öllu starfi. Með þessum áherslum á komandi vetri stefnum við að því að efla faglegt starf og skapa öruggt, hvetjandi og gleðríkt námsumhverfi fyrir öll börn.

*Hólmfríður Hannesdóttir
Leikskólastjóri Blásala*





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið? Skólanámskrá	
Hvernig fór matið fram?	Samtal á milli stjórnenda
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Við skoðuðum aðrar námskrár til að fá hugmyndir með uppsetningu á kaflanum sjálfsprottinn leikur, gerðum úrbætur á sjálfssprottnum leik innan leikskólans með því að gefa leiknum meira tækifæri innan dagskipulagsins. Vorum með fræðslu og efni um sjálfsprottinn leik fyrir starfsfólk. Næstu tækifæri eru vinna að kaflanum um sjálfsprottinn leik í skólanámskrá.

Hvað var metið? Sjálfsprottinn leikur	
Hvernig fór matið fram?	Með samræðum og verkefnavinnu á deildarstjóra- og starfsmannafundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Að leikurinn hefur fengið meira vægi í dagskipulegi leikskólans. Unnið var að því að kennarar væru upplýstir um hlutverk sitt í leik barnanna, hversu mikilvægt væri að þeir væru til staðar í leik, sjá námtækifæri í leik barnanna og sjá möguleika á að styðja við leik barna.





Hvað var matið? Læsi	
Hvernig fór matið fram?	Með samræðum á deildarstjórafundum og á starfsmannafundum yfir veturinn
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Það var margt sem ávannst, búið var til Lubba- og læsisteymi sem í sátu einn fulltrú frá hverri deild ásamt einum stjórnanda. Teymið hittist regluleg yfir veturinn til að bera saman bækur sínar. Lögð var áhersla á að lesið væri fyrir hvert barn að minnsta kosti einu sinni á dag. Einnig að samverustundir væru innihaldsríkar og hver deild fékk samverustundar kassa sem fyllt var með efni sem nýttist þeim í stundunum. Einnig var byrjað að merkja hirslur og staði fyrir efnivið með myndum og rituðu máli. Tækifæri til umbótar er að hald áfram að merkja efniviðinn. Að Lubba- og læsisteymi setjist en frekar í sess og vinni markvíst að því að bæta læsisstefnu leikskólans.

Ytra mat

Hvað var matið? Starfsmannakönnun, stofnun ársins	
Hvernig fór matið fram?	Könnun send á alla starfsmenn leikskólans
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Könnun var ekki marktæk sökum ónægrar þátttöku starfsmanna





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni**. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Vináttuverkefnið Blær
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að vináttuverkefnið Blær frá Barnaheill sé nýtt á öllum deildum. Með klípisögum, umræðum, söng og leikjum læra börn um gildi vináttu með aðstoð frá vináttubangsnum Blæ.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að fá kynningu að hausti fyrir allan starfsmannahópinn og að starfsfólk kynni sér viðfangsefnið og tileinki sér það í starfi.
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 fram á vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á starfsmanna- og deildarfundum yfir skólaárið, með samtali starfsfólks
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin í leikskólanum læri um gildi vináttu og geti nýtt sér í daglegu lífi





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skólanámskrá og innra mat leikskóla Reykjavíkur
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að skólanámskrá og innra mat verði lifandi hluti daglegs starfs
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með þróunarverkefni allra leikskóla í Reykjavík í samstarfi við HÍ
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2026 til vor 2028
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið jafnt og þétt yfir tímabilið og heildarmat á verkefninu á fundi í maí 2028. Metið með fundum, sameiginlegri ígrundun, miðlun reynslu og jafningjastuðningi.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að skapa menningu þar sem skólanámskrá og innra starf verði hluti af því hvernig við hugsum saman um starf leikskólans

4. Starfsþróunarsamtöl

Hvernig og hvenær fóru þau fram?

Starfsþróunarsamtöl hafa ekki verið tekin en leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri stefna á að gera það á haustmánuðum





5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2026-2027 byggt á umbótaþáttum leikskólans fyrir árið (áherslum skólanámskrár, umbótaáætlana, menntastefnunnar og áherslur úr starfþróunarsamtölum). Hvernig eru starfsdagar skipulagðir út frá þessum forsendum, námferðir, ráðstefnur o.fl.

Skyndihjálparnámskeið

Námskeið sem verða í boði hjá Skóla- og frístundasviði sem hentar okkar starfi og okkar vinnu við innleiðingu Menntastefnunnar.

Teymisfundir innan leikskólans.

Námskeið, Vináttuverkefni Barnaheilla

Fyrirlestur frá Miðja máls og læsis um mikilvægi sjálfsprottins leiks hjá leikskólabörnum.

Fyrirlestur frá Miðja máls og læsis um fjölmenningu í leikskólastarfi .

Starfsfólk verði duglegt að sækja sér endurmenntun.

Nýliðafræðsla.

Starfsfólk nýtir sér TORGID á innri vef Reykjavíkurborgar til fræðslu.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Heimahagar er samstarfsverkefni, Selásskóla, Heiðarborgar, Rauðuborgar og Blásala þá hittast elstu börn leikskólans og yngstu börnin í Selásskóla reglulega yfir veturinn á svæði nærri Selásskóla og hesthúsunum sem hafa fengið nafnið Heimahagar. Þar leika þau, gera útiverkefni og fara í skipulagða leiki og umfram allt eignast góðar minningar saman. Fulltrúar leikskólanna og grunnskólans hittast og setja niður dagskrá fyrir samstarf vetrarins. Þessi undirbúningur fer fram á haustin.

Undirbúningsfundur í Selásskóla.

Nemendur grunnskóla heimsækja gamla leikskólann sinn

Nemendur í 5.bekk lesa fyrir leikskólabörnin

Elstu nemendur leikskólans heimsækja skólabókasafnið

Elstu nemendur leikskólans heimsækja skólabókasafnið

Elstu nemendur leikskólans heimsækja 1.bekk

Skilafundur milli skólastiga að vori.





7. Foreldrasamstarf

Sérstakar áherslur í foreldrasamstarfi á komandi ári.

Áfram verður foreldrum boðið á ákveðna viðburði yfir veturinn sem koma fram á leikskóladagatali Blásala veturinn 2026-2027. Foreldraráð er við skólann sem kosið er í á foreldrafundi á hverju hausti og skipar það a.m.k. þrjá fulltrúa og hefur það hlutverk með höndum að gefa skriflegar umsagnir um starfsáætlun, skólanámsskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Hlutverk þess er að fylgist með framkvæmd skólanámsskrár og er boðað á fundi í leikskólann yfir veturinn þar sem leikskólastjóri fer yfir gang mála varðandi framgang ýmissa verkefna sem skólinn vinnur að.

Foreldrafélag er skipað a.m.k. þremur foreldrum. Foreldrar greiða ákveðin gjöld í foreldrafélag og er það valfrjáls greiðsla og skólinn kaupir m.a. inn leikrit, fær jólasvein á jólaskemmtanir og listafólk á sumarhátíð.

Foreldrasamtöl eru tvö yfir skólaárið áð hausti og vori og þess á milli er foreldrum alltaf velkomið að setjast niður með deildarstjórum eða stjórnendum ef þeir óska eftir því. Foreldrafundur er haldinn að hausti, þar er farið yfir helstu áherslu vetrarins. Einnig er haldinn kynningafundur fyrir foreldra nýrra barna í ágúst.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Starfsdagar á skólaárinu eru sex og eru þrír af þeim sameiginlegir grunn- og leikskólanna í hverfinu. Sameiginlegar dagar skólaárið 2026-2027 eru 30. September 2026, 5. febrúar 2026 og 27. Apríl 2027. Starfsdagar leikskólans verða 19. nóvember 2026, 15. mars 2027 og 4. júní 2027.

22. Febrúar er leikskólinn lokaður vegna vetrarleyfis í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar.





9. Fylgiskjöl:

9.1 Innra mat Guludeildar/deilda 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

Hlutverk starfsmanna í leik:

Starfsmenn fengu góða fræðslu í vetur um hlutverk kennara í starfi, ásamt góðu skipulagi á deild. Starfsmenn sitja meira á gólfi með börnunum og taka virkan þátt í leik barnanna einnig eru starfsmenn duglegri að ræða við börnin í öllum aðstæðum. Við skiptum barnahópnum upp í smærri hópa eftir þeirra getu þannig að auðveldara var að hafa markvissa málörvun og innlagnir. Starfsmenn vita hvers er ættlast til af þeim og eru öruggari með sig í starfi.

Hreyfistundir innandyrna:

Settum upp braut yfir vetrartíman inni í sal ásamt sulli í kjarna sem bíður upp á grófhreyfingar og eflir styrk og trú barnanna á eigin getu. Við sáum mikinn mun á börnunum frá hausti fram að vori þar sem þau voru farin að ögra sjálfum sér meyra og reyna við flóknari verkefni.

Babblarnir:

Babblarnir eru málörvunar verkefni sem hjálpar börnunum að greina muninn á milli líkra málhljóða og eflir málþroska barna. Við lesum bækurnar í samveru með börnunum og gerum þau þátttakendur í lestrinum um leið. Þeir eru sýnilegir á veggjum deildarinnar í mismunandi aðstæðum sem bíður upp á samræður við börnin. Einnig eru við með bangsa og litlar fígúrir sem börnin nýta í leik með börnunum þar sem við æfum hugtök eins og undir, yfir og við hliðina á o.s.frv.

Tækifæri

Hlutverk starfsmanna í leik:

Að allt starfsfólk inni á deild fái fræðslu um hlutverk kennara á deild og mikilvægi þess að vera til staðar í leiknum. Deildafundir verði reglulega til að halda utan um starfsfólk til að þau fái stuðning og finni fyrir öryggi í starfi og sé meðvitað um hvað er fram undan. Hvetja starfsfólk til að vera virkt í samræðum á deildafundum varðandi starfið.

Babblarnir:

Kynna nýju starfsfólki Babblana og hvernig við vinnum með þá í málörvun og kennslu. Upprifjun fyrir starfsfólk um mikilvægi þess að lesa fyrir börnin svo það sé meðvitað um mikilvægi málörvunar barna.

Lubbi finnur málbein:

Kynna Lubba fyrir öllu starfsfólki á deildinni og mikilvægi þess að vera með reglulegar lubba stundir. Lubbi hefst eftir áramót með elstu börnunum á deildinni og verður unnið markvist með Lubba eftir getu barnanna.

Útinám:

Útinám er allt skólaárið. Við nýtum garðinn og nærumhverfi skólans til útikennslu þar sem börnunum er kennt á nærumhverfi skólans og náttúru. Í útinámi læra börnin að ögra sjálfum sér í hreyfingu og þekkja sín mörk. Börnin eflast og hafa meiri trú á eigin getu og styrk.



9.2 Innra mat Bláudeildar/deilda 2025-2026

Styrkleikar

Sjálfsprottin leikur:

Starfsmenn voru meira til staðar og tóku virkan þátt í leik barna og gátu gripið inn í, urðu þar af leiðandi meðvitaðri um leik og nám barnanna. Einnig var börnum skipt upp í litla hópa, þannig fengu börnin meiri stuðning í félagslegum aðstæðum. Í leiknum átti sér einnig stað mikil málörvun.

Hreyfistundir:

Markmiðum með hreyfistund náðist ekki í vetur og munum við því vinna áfram með þær næsta skólaár

Könnunarleikur:

Farið var yfir með starfsfólki um hvað leikurinn snýst og hvernig hann þróast með vetrinum. Einnig var starfsfólk duglegt að bæta verðlausum efnivið við leikinn til að sjá hann þróast meira. Passað var upp á að leikurinn dytti aldrei út.

Tækifæri

Lubbastundir:

Unnið áfram með Lubba frá upphafi annar. Það þarf að halda vel utan um Lubbastarfið á deildinni og sjá til að allt starfsfólk deildarinnar fái fræðslu um hvernig unnið er með Lubbastaf vikunnar.

Hreyfistundir:

Að starfsfólk sé meðvitað um tilgang hreyfistundar og hvaða markmið sé verið að vinna með. Þar verður lögð áhersla á boltaleiki, þol, styrkleika og jafnvægi.

Blær:

Koma Blæ verkefni í skólann þar sem hægt er að kenna þeim á vináttu og þau hafi hann sem stuðning, sérstaklega í aðlögun. Einnig að starfsfólk fái námskeið og fræðslu hvernig hægt er vinna með hann.

Skráningar:

Gera verk barna meira og sýnilegra inn á deild, í póstum og ferilmöppum. Fá allt starfsfólk til að taka þátt.

9.3 Innra mat Grænadeildar/deilda 2025-2026

Styrkleikar

Gefðu 10:

Við unnum með Gefðu 10 á deildinni í vetur. Starfsfólkið var sammála um að það hafi gengið mjög vel og mjög mikilvægt fyrir börnin. Við sáum t.d. miklar framfarir í orðaforða hjá tvítyngdu börnunum hjá okkur og við tökum eftir meiri vellíðan og sjálfstraust hjá börnum sem eiga erfitt með félagsleg samskipti.

Útikennsla:

Útikennslan gekk vel í vetur og það var farið í margar áhugaverðar ferðir í nærumhverfinu sem börnin höfðu gaman af. Í útikennslunni voru kjöraðstæður til að efla málþroska barnanna og efla hreyfifærni barnanna. Helsti ávinningurinn með reglulegri útikennslunni var að börnin voru meðvituð um reglur ferðarinnar, t.d. að halda hópinn og hvar þau áttu að bíða í upphafi og lok ferðarinnar. Starfsfólk varð einnig öruggara og vissi hlutverk sitt í ferðunum.

Sjálfsprottinn leikur:

Það gekk mjög vel að vinna með sjálfsprottinn leik á deildinni. Starfsfólk deildarinnar fékk mikla fræðslu um leik barna og var því meðvitað um hlutverk sitt í leiknum. Við vorum duglegar að skipta barnahópnum upp í minni hópa þannig að öll börnin höfðu meira næði í leiknum og börnin fengu stuðning í félagslegum aðstæðum. Helsti ávinningurinn í sjálfsprottna leiknum var að börnin voru duglegri að leysa ágreining sín á milli og skiptast á leikföngum. Í sjálfsprottna leiknum átti einnig sér stað mikil málörvun. Orðaforði barnanna jókst með því að læra af hvert öðru og starfsfólkinu.

Tækifæri

Samverustundir:

Að allt starfsfólk deildarinnar fái kennslu um hvernig best sé að setja upp samverustundir á deildinni. Þær séu innihaldsríkar og börnin læri markvisst í þessum stundum.

Lubbastundir:

Að haldið sé vel utan um Lubbastarfið á deildinni og allt starfsfólk deildarinnar fái fræðslu hvernig unnið er með Lubbastaf vikunnar.

Blær:

Vinna með Blæ verkefnið í leikskólanum. Að starfsfólk fái fræðslu um hvernig við notum Blær til að kenna barnahópnum um vináttu.

Hlutverk starfsmanna í sjálfsprottnum leik:

Að starfsfólk viti hvert hlutverk þeirra er í leik barnanna.



9.4 Innra mat Rauðadeildar/deilda 2025-2026

Styrkleikar

Lubbi Finnur málbein:

Starfsfólkið var sammála um að það hafi gengið mjög vel, það taldi Lubbastundirnar vera mikilvægur þáttur í starfi með börnum og tóku eftir að málþroski og orðaforði hafa aukist hjá börnunum.

Sjálfshjálp barna við matarborðið:

Með því að hafa flæði í mat jók það við sjálfshjálp barna, þau skammta sér sjálf á diskana, finna sér sæti hjá góðum sessunaut og ganga frá eftir matartímann.

Hlutverk starfmanna í sjálfsprotnum leik:

Leiknum var gefinn meiri tími í dagskipulagi deildarinnar og starfsfólk deildarinnar fékk fyrirlestur um sjálfsprottin leik barna og varð meðvitaðri um sjálfsprottina leikinn. Hér má þó gera betur.

Læsi, að auka lestur og ritmál inn á deild:

Það var lesið meira inn á deild og gerðir voru samverustundarkassar sem nýstast í samverustundum. Ritmálið varð aðeins sýnilegra, t.d. voru miðar með nafni barnanna sem þau nýttu í matartímum og gátu nýtt sér til að æfa sig að skrifa nafnið sitt.

Gefðu Tíu

Valið var barn til að vinna með í ákveðin tíma þar sem hver og einn starfsmaður átti að gefa sig að því barni í 10 mínútur yfir daginn. Það gekk vel til að byrja með en oft gleymdist að skrá það.





Tækifæri

Lubbi Finnur málbein:

Að allir starfsmenn geti tekið þátt í Lubbastundum, við gerum plan fyrir veturinn hvenær við tökum stafina fyrir og gerum Lubba enn sýnilegri inn á deild. Lubbi fer heim með barni vikunnar ásmat bók sem skrifað er í hvað barnið gerði með Lubba, ásamt staf vikunnar og verkefni út sem tengist stafnum.

Hlutverk kennarans í sjálfsþrotum leik barna:

Að starfsfólk viti hvers er ætlast til af þeim í leik barnanna og taki virkan þátt. Það komi skýrt fram í skipulagi starfsmann hvers er ætlast til af þeim og hugmyndir af efnivið á hverju svæði verði sýnilegt.

Blær:

Farið verður dýpra í Blæverkefnið og að alir kynni sér Blæ verkefnið nánar, við fáum fyrirlestur í haust. Setja Blæstundir inn í dagskipulagið, ræða á deildarfundum hvort það sé málefni sem brýnt er að taka fyrir og styrkja alla stafmenn til að geta tekið þátt.

Hópastarf/þemavinna:

Að unnið verði í hópstarfi út frá þeim þemum sem verið er að vinna að hverju sinni, unnið verður að faglegu hópstarfi þar sem ferlið sjálft, gleðin, tjáning og námið sem á sér stað vergu meira en afraksturinn. Gerðar verða hópstarfsskýrslur þar sem skipulag stundanna er sett upp og í lokin gerð samantekt hvernig stundin fór fram.

9.5 Umbótaáætlun Guludeild 2026-2027

Takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum hópi barna, börnum með stuðning og áherslum leikskólans.**

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldir börn í samvinnu deilda

Guladeild 1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk starfsmanna í leik. Hvernig styðjum við, við börn í leik og eflum starfsmenn í að finna til öryggis í starfi.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Allir starfsmenn átti sig á þeirra hlutverki í leik barnanna. Þannig að starfsfólk finni fyrir öryggi og trú á eigin getu í starfi með börnunum.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa gott skipulag innan deildar. Hafa virkar samræður á deildafundum. Gefa starfsfólki tíma til að sækja sér fræðslu um starf og stefnu leikskólans.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026- vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið reglulega yfir vetrartímann á deildafundum. Ræða saman um hvað má gera betur og rýna til gagns.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Fylgst verður með þróun leiksins og máli barnanna reglulega yfir veturinn til að meta starfið.

Gulaeild 1-2 ára	
Umbótapáttur/matspáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lubbastarf Kynna elstu börnunum á deildinni fyrir Lubba með Lubbastundum í samveru og bókalestri, ásamt íslensku málhljóðunum. Hlustum á Lubba lögin.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin þekki til hljóðmyndunar , Klappi atkvæði og mynda einfalt rím.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Lesi Lubba og skoði myndirnar finna orð með samskonar hljóðum og við erum að vinna með hverju





	sinni. Notast við Lubba skjóðu í samverustundum og hlusta á lögin.
Ábyrgð	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar 2027 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildafundir eru vettvangur til að meta hvernig gengur. Virkar samræður starfsmanna verða að vera til að rýna til gagns.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Áhugi barnanna er besta viðmiðið og hversu vel þau taka þátt í Lubbastundum.

Guladeild 1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Bablarnir Bablarnir eru málörvunar verkefni fyrir yngstu börnin sem verður unnið með strax í upphafi annar. Markmið er að börnin þekki muninn á milli líkra málhljóða og efli þau í máltöku.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Lesi daglega fyrir börnin í samveru og leifa börnunum að vera virkir þátttakendur í lestri bókanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Metið á deildafundum og rýna í það hvort við þurfum að gera breytingar á bablastundum og hvernig er best að gera þær.
Ábyrgð	Allir starfsmenn





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 -vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildafundir eru vettvangur til að rýna í hvernig babblastundir ganga. Virkar samræður um starfið meðal starfsmanna um hvernig stundirnar ganga og hvað má gera betur.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Áhugi barnanna er besta viðmiðið um hvernig gengur. Þekki börnin nöfn Bablana og hljóð þeirra er vissu markmiði náð, ásamt því ef börnin hafa óski eftir bókunum er markmiði náð.

Guladeild 1-2 ára	
Umbótabáttur/matspáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Í útinámi er nýtti til að efla þrek, styrk og hreyfigetu barna. Einnig er er þeim kennt á nærumhverfi leikskólans þar sem við kynnumst náttúru og nánasta umhverfi.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin hafi trú á eigin getu og treysti sér til að takast á við ólíkar aðstæður. Læri að bera virðingu umhverfi sem og náttúrunni
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Grípa hvert tækifærið sem fyrst til að byrja útikennslu. Nýta lóð leikskólans ef ekki er möguleiki á að fara út fyrir garðinn.
Ábyrgð	Deildastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Að hausti byrjum við og er út skólaárið





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hlusta á óskir og raddir barnanna um hvað þau vilja sjá í ferðum og hvað við viljum læra um. Deildafundir eru vettvangur til að meta árangur starfsins með virkum samræðum starfsmanna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Áhugi barnanna og virkni í ferðum er besta viðmiðið

9.6 Umbótaáætlun Bláadeild 2026-2027

Bláadeild 1-2 ár	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hreyfistundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk sé meðvitað um gildi hreyfistundar t.d. boltaíþróttir, jafnvægi, styrk og þol.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja upp skipulag þar sem hvert umfangsefni er tekið fyrir og starfsfólk fær leiðbeiningar hvernig vinna á með það.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matið fer fram á deildarfundum og starfsdögum.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	
--	--

Bláadeild 1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skráningar.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allt starfsfólk skrái hjá sér hvað fer fram í hópastarf , bæði með að taka myndir og skrá hjá sér hvað fer fram.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Áætlun útbúin, listasmiðja og könnunarleikur, skráning og myndir.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fara yfir á deildarfundum, starfsdögum og sá sem sér um ferilmöppu fer yfir.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Ferilmöppur sýni það sama hjá öllum og meira sé um markvissar skráningar bæði í ferilmöppu í pósti og upp á veggjum inn á deild.





Bládeild 1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Blær
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnum að hafa Blæ inn í starfinu , starfsmenn þekki tilgang með Blæ og geti gripið til hans í daglegu starfi
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Það verður haldin námskeið fyrir starfsfólk til að kynna fyrir þeim hvernig hægt sé að vinna með Blæ. Þau eru hvött til að kynnt sér námsefnið.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fara yfir á deildarfundum, starfsdögum og rætt á milli starfsfólk á deild.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börnin fá bangsa sem er geymdur í leikskólanum . Börnin læra að sýna samkennd , standa með öðrum og vera góðir félagar. Starfsmenn geta líka nýtt hann til að kenna þeim .

Bládeild 1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lubbastundir.





Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefna er að hver starfsmaður getur framkvæmt samverustundir með Lubba sjálfur
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kenna börnunum að íslensku málhljóðin, bæta orðaforða og hlustun. Notast er við bók, söng og Lubba.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fara yfir á deildarfundum og starfsdögum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allir hópar nái að halda saman um hvern staf. Hvert málhljóð sé í heila viku fyrir hvern hóp.

9.7 Umbótaáætlun Grænudeild 2026-2027

Grænadeild 2-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. .stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lubbastundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að Lubbastundirnar séu vel skipulagðar og markvissar þar sem málörvun og hljóðanám á sér stað.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk fái fræðslu um innihald Lubbastundanna og kennslugögn aðgengileg fyrir starfsfólk





Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matið fer fram á deildarfundum og starfsdögum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin hafi náð ágætum tókum á íslenskum málhljóðum og geti tengi hljóð við bókstafi.

Grænadeild 2-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Samverustundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að samverustundirnar séu markvissar og vel undirbúnar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk fái fræðslu um hvernig samverustundir eigi að vera byggðar upp og kynni sér kennsluefni/bækur sem hægt er að nýta í þessum stundum
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026-vor2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d.	Matið fer fram á deildarfundum og starfsdögum





könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk sé öruggt í samverustundum og viti til hvers er ætlast af þeim. Það á að skila sér til barnanna og áhuga barnanna á samverustundum þannig að þau læri sem mest í þessum stundum

Grænadeild 2-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Blær
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk viti hvernig á að vinna með Blæ með börnunum á deildinni
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk fái fræðslu um Blæ og að námsgögn þess sé aðgengileg fyrir starfsfólk
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026-vor2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matið fer fram á deildarfundum og starfsdögum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk sé öruggt í vinnu sinni með Blæ með börnunum og vinnan sé að skila sér í hegðun barnanna í félagslegum aðstæðum





Grænadeild 2-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. .stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk starfsmanna í sjálfsprottnum leik
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk sé meðvitað um sitt hlutverk í sjálfsprottnum leik. Að það búi til leikumhverfi með fjölbreyttum efnivið, sé til staðar fyrir börnin og styðji börnin í leiknum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk fái kennslu í hvernig hægt sé að styðja við leik barna og dýpka leikinn.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026-vor2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matið fer fram á deildarfundum og starfsdögum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk sé öruggt með hlutverk sitt í sjálfsprottnum leik. Það á t.d. að vita hvenær á að grípa inn í leikinn, bæta við efnivið í leikumhverfinu þeirra og hjálpa börnum sem eiga erfitt félagslega að komast inn í leikinn





9.8 Umbótaáætlun Rauðadeild 2026-2027

Rauðadeild 4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að Lubbastundirnar séu vel skipulagðar og markvissar þar sem málörvun og hljóðanám á sér stað.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk fái leiti sér þekkingar með því að skoða kennslugögn og netið um innihald Lubbastundanna. Stafur vikunnar verði sýnilegur upp á deild og að unnið verði stigskipt með Lubba eftir aldri barnanna
Ábyrgð	Deildastjóri og allir starfsmenn taka þátt.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2026- Vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Endurmetið á deildarfundum og starfsdögum , þá fá starfsmenn tækifæri til að koma með dæmi um hvernig gengur.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að alir starfsmenn tileinki sér að nýta Lubba og er virkir þátttakendur í Lubbastundum. Að börnin sýni áhuga og tileinki sér að nota málhljóðin.





Rauðadeild 4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk starfsmanna í sjálfsprottnum leik
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk sé meðvitað um sitt hlutverk í sjálfsprottnum leik. Að það búi til leikumhverfi með fjölbreyttum efnivið, sé til staðar fyrir börnin og styðji börnin í leiknum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk fái kennslu í hvernig hægt sé að styðja við leik barna og dýpka leikinn.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026-vor2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matið fer fram á deildarfundum og starfsdögum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk sé öruggt með hlutverk sitt í sjálfsprottnum leik. Það á t.d. að vita hvenær á að grípa inn í leikinn, bæta við efnivið í leikumhverfinu þeirra og hjálpa börnum sem eiga erfitt félagslega að komast inn í leikinn





Rauðadeild 4-5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hópastarf/ Þemavinna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að unnið verður að faglegu hópastarfi þar sem ferlið sjálft, gleðin, tjáning og námið sem á sér stað verði meira en afraksturinn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsmenn deildarinnar fái tækifæri til að byggja upp faglegt hópastarf, gera hópastarfsskýrslur og undirbúa sig fyrir stundirnar.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2026 til vor2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matið fer fram með hópastarfsskýrslum og umræðum á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hópastarf er markvisst og faglegt þar sem áhersla er lögð á þátttöku, gleði, tjáningu og nám barnanna í ferlinu. Starfsfólk undirbýr hópastundir, skráir þær í hópastarfsskýrslur og nýtir skráningarnar til ígrundunnar og þróunar á starfinu.

F. h. leikskólans

27.ágúst 2026

Hólmfríður Bjargey Hannesdóttir leikskólastjóri

Ágústa Björk Svavarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri





9.9 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Blásala hefur fengið starfsáætlun Blásala fyrir skólaárið 2026–2027 til yfirlesturs og umsagnar.

Foreldraráð hefur engar efnislegar athugasemdir við starfsáætlunina og er ánægt með þær áherslur sem þar koma fram. Það er greinilegt að áfram er unnið markvisst að því að þróa starfið og mæta ólíkum þörfum barnanna.

Foreldraráð fagnar þeim framkvæmdum sem farið hefur verið í innan leikskólans til að bæta aðstöðu starfsfólks. Bætt starfsaðstaða er mikilvæg fyrir starfsfólkið sjálft en skilar sér einnig í betra starfsumhverfi leikskólans í heild og er því ánægjuleg þróun fyrir bæði starfsfólk, börn og foreldra.

Sérstaklega ánægjulegt er að sjá áframhaldandi áherslu á málþroska og læsi. Stofnun Lubba- og læsisteymis er jákvætt skref og foreldraráð fagnar sérstaklega þeirri áherslu að lesið sé fyrir hvert barn að minnsta kosti einu sinni á dag. Einnig er gaman að sjá hversu markvisst er unnið með Lubba á öllum deildum og að verkefnin séu aðlöguð að aldri og færni barnanna. Foreldraráð vill einnig sérstaklega hrósa þeirri áherslu að vinna með börnin í minni hópum og taka mið af getu þeirra og þroska. Það skapar betri möguleika á að mæta hverju barni þar sem það er statt og veita því viðeigandi örvun og stuðning.

Innleiðing vináttuverkefnisins Blær á öllum deildum er einnig mjög jákvæð. Verkefnið gefur börnunum tækifæri til að vinna með vináttu, samskipti og félagsfærni í gegnum klípusögur, umræður, söng og leiki. Foreldraráð fagnar þessari áherslu og telur einnig jákvætt að börnin kynnist verkefni sem unnið er áfram með á næsta skólastigi.

Áhersla á hreyfingu er sömuleiðis mjög jákvæð og foreldraráð fagnar því að unnið sé markvisst að því að efla hreyfifærni barnanna. Einnig er ánægjulegt að sjá áherslu á aukna sjálfshjálp hjá elstu börnum á Rauðu deild, þar sem það styður vel við sjálfstæði þeirra og undirbúning fyrir næsta skólastig.

Að lokum fagnar foreldraráð því að skyndihjálparnámskeið sé meðal fyrirhugaðrar fræðslu starfsfólks. Slík þekking er mikilvæg í starfi með börnum og stuðlar að auknu öryggi í leikskólanum.

Foreldraráð er ánægt með starfsáætlun Blásala fyrir skólaárið 2026–2027 og það metnaðarfulla starf sem þar birtist.

Fyrir hönd foreldraráðs,
Ástrós Eva Ársælsdóttir

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ástrós Eva Ársælsdóttir

Anna Claessen

Vilborg Pála Eiríksdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

10. Fylgiskjöl

10.1 Leikskóladagatal Blásala 2026-2027



